

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 18. febrúar 2026 í máli nr. 53/2025

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Hildur Ýr Viðarsdóttir lektor og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 29. apríl 2025 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X og Z („sóknaraðilar“), vegna ágreinings við Icerental 4x4 ehf., kt. 700713-0830 („varnaraðili“).

Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða þeim 350.000 krónur auk greiðslu skaðabóta að fjárhæð 10.000 krónur. Varnaraðili hafnar kröfum sóknaraðila.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 7. maí 2025, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust nefndinni 13. maí 2025. Athugasemdir sóknaraðila bárust sama dag og athugasemdir varnaraðila 15. maí 2025.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda aðila, afrit af skriflegum samskiptum aðila, bókunarstaðfesting, leiguskiptumál, staðfestingar á greiðslum, ábyrgðaryfirlýsing, afrit af tjónaskýrslu, staðfesting á endurkröfu og tölvupóstur frá [...].

Með bréfi, dags. 18. febrúar 2026, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðilar leigðu bifreið með skráningarnúmerið [...] af varnaraðila dagana 23. mars til 1. apríl 2025. Á leigutímanum varð árekstur fyrir aftan leigubifreiðina þegar önnur bifreið, með skráningarnúmer [...], keyrði utan í vegrið. Skýrsla var tekin á vettvangi og varnaraðili upplýstur um atvikið þar sem talið var að bifreið [...] hafi átt mögulegan þátt í árekstrinum.

Sóknaraðilarhafa vísað til þess að hafa verið blekktil að greiða varnaraðila 350.000 krónur vegna málsins án þess að hafa fengið aðgang að gögnum sem staðfestu tjón og ábyrgð sóknaraðila. Þá kveðjast þau hafa orðið fyrir þrýstingi af hálfu varnaraðila sem hafi haft áhrif á greiðsluna. Varnaraðili hefur vísað til þess að málið hafi verið tekið til meðferðar hjá tryggingarfélagi og tekið nokkurn tíma í úrvinnslu. Sóknaraðilar hafi verið rúkaðir um fjárhæð sjálfsábyrgðar, 350.000 krónur, sem að sögn varnaraðila var sú upphæð sem varnaraðili hefði þurft að greiða ef í ljós kæmi að leigutaki hefði verið í órétti og valdið tjóni á bifreið [...]. Sóknaraðilum hafi jafnframt verið tilkynnt að upphæðin yrði endurgreidd ef í ljós kæmi að þeir hefðu ekki verið í órétti. Síðar hafi komið í ljós að sóknaraðilar báru

ekki ábyrgð á tjóni bifreiðarinnar. Varnaraðili kveður að endurgreiðsla hafi tafist þar sem sóknaraðili hafi þegar gert endurkröfu á færslunni hjá kortafyrirtæki, sem dró fjárhæðina af reikningi varnaraðila. Málið hafi í kjölfarið legið hjá kortafyrirtæki sóknaraðila um hríð. Varnaraðili upplýsti síðar kærunefndina að endurgreiðsla hafi verið afgreidd og fjárhæðin, 350.000 krónur, dregin af reikningi varnaraðila. Sóknaraðilar staðfestu fyrir kærunefndinni að endurgreiðsla hefði borist en vildu halda sig við kröfu um skaðabætur. Sóknaraðilar vísa til þess að þeir hafi verið blekkir til að greiða umrædda fjárhæð þrátt fyrir að bera ekki ábyrgð á tjóninu og án þess að hafa fengið aðgang að gögnum málsins eða frekari upplýsingar. Þeir telja að varnaraðili geti ekki lokið málinu með endurgreiðslu fjárhæðarinnar án frekari greiðslu sekta eða bóta.

V

Niðurstaða

Sóknaraðilar tóku á leigu bifreið hjá varnaraðila dagana 23. mars til 1. apríl 2025. Á leigutímanum varð önnur bifreið fyrir tjóni þegar henni var ekið utan í vegrið til að forðast að aka aftan á aðrar bifreiðir. Að sögn vitnis varð óhappið í kjölfar þess að leigubifreið sóknaraðila snarhemaði án augljósrar ástæðu og var ekið í kjölfarið út af veginum inn á aðrein. Starfsmaður [...] kom á vettvang og tók skýrslu vegna málsins. Í framhaldinu hafði fyrirtækið samband við varnaraðila, upplýsti hann um atvikið og óskaði eftir tengiliðaupplýsingum sóknaraðila. Málið var tekið til skoðunar hjá tryggingafélagi sem rannsakaði ábyrgð í málinu. Varnaraðili rukkaði sóknaraðila um greiðslu að fjárhæð 350.000 krónur vegna tjónsins, sem að sögn varnaraðila samsvaraði fjárhæð sjálfsábyrgðar sem hann yrði látinn greiða ef leigutaki teldist í órétti. Sóknaraðilar greiddu umkrafða fjárhæð þann 31. mars 2025 en segjast ekki hafa fengið nein gögn sem staðfestu tjónið eða sýndu fram á að þau bæru ábyrgð á því. Sóknaraðilar leituðu í kjölfarið til kærunefndar vöru- og þjónustukaupa og gerðu kröfu um endurgreiðslu fjárhæðarinnar auk skaðabóta að fjárhæð 10.000 króna. Þau hafa vísað til þess að varnaraðili hafi beitt þau svikum við innheimtu fjárhæðarinnar.

Í andsvörum varnaraðila kom fram að í kjölfar rannsóknar hefði komið í ljós að sóknaraðilar bæru ekki ábyrgð á tjóninu, þ.e. að þau hefðu ekki verið í órétti í málinu. Varnaraðila hafi hins vegar ekki verið unnt að endurgreiða fjárhæðina beint þar sem sóknaraðilar höfðu þegar gert endurgreiðslubeiðni á færslunni hjá kortafyrirtæki sínu, sem hefði dregið samsvarandi fjárhæð af reikningi varnaraðila. Undir rekstri málsins upplýsti varnaraðili kærunefndina um að málið hefði verið leyst og að sóknaraðilar hefðu fengið endurgreiðslu frá kortafyrirtækinu. Kærunefndin óskaði í kjölfarið eftir staðfestingu frá sóknaraðilum, sem staðfestu að endurgreiðsla að fjárhæð 350.000 krónur hefði borist, en óskuðu engu að síður eftir að kærunefndin tæki afstöðu til kröfu um skaðabætur vegna atviksins. Varnaraðila var tilkynnt um framangreint með tölvubréfi þann 24. október 2025.

Fyrir liggur að sóknaraðilar fengu 350.000 krónur endurgreiddar að fullu með bakfærslu hjá kortafyrirtæki sínu. Sóknaraðilar gera hins vegar kröfu um skaðabætur að fjárhæð 10.000 krónur og hafa vísað til þess að hafa verið beitt svikum og misrétti. Sóknaraðilar hafa ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að þau hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni og er því ekki unnt að fallast á skaðabótakröfu sóknaraðila. Þá hefur kærunefndin ekki heimild til að úrskurða um miskabætur. Kærunefndin bendir á að sóknaraðilar hafa ekki gert kröfu um vexti í málinu og er nefndinni því ekki unnt að úrskurða um þá. Hins vegar tekur nefndin fram, til

leiðbeiningar, að neytandi á almennt rétt á dráttarvöxtum af endurgreiðslukröfu frá þeim degi sem krafan er réttilega sett fram og til greiðsludags, sbr. lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Sóknaraðilum er því unnt að krefja varnaraðila um dráttarvexti fyrir þann tíma sem leið frá því að krafa var sett fram og þar til endurgreiðsla barst.

V
Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X og Z, er hafnað.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson